

REGLUR

um Styrktarsjóð Blindrabókasafns Íslands.

1. gr.

Stofnaður skal Styrktarsjóður Blindrabókasafns Íslands.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að framförum í starfsemi á vegum Blindrabókasafns Íslands hvað varðar tæknilega þróun og starfsþekkingu.

Úr sjóðnum skal veita fé til:

- a) kaupa á tækjum vegna framleiðslu lesefnis fyrir lánþega
- b) sérfræðivinnu vegna ákveðinna sérgreindra verkefna
- c) símenntunar starfsfólks þ.e. námskeiðahalds undir leiðsögn sérfróðra manna
- d) námsstyrkja til einstaklinga vegna framhaldsnáms
- e) kostnaðar vegna kynnisferða starfsfólks til sambærilegra safna erlendis.
- f) annarra sambærilegra verkefna.

3. gr.

Tekjur Styrktarsjóðs Blindrabókasafnsins eru frjáls framlög frá einstaklingum og félögum. Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Í stjórn sitja tveir fulltrúar samkvæmt tilnefningu stjórnar Blindrabókasafns Íslands og einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður sjóðsstjórnar. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórnin er ólaunuð.

5. gr.

Sjóðsstjórn ráðstafar fjárveitingum úr sjóðnum og skal hún hafa eftirlit með því að fjármunir sjóðsins nýtist í samræmi við markmið hans. Allar ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum skulu teknar samhljóða.

Sjóðsstjórn annast reikningshald og reikningsskil. Hún varðveitir eignir sjóðsins og skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmasta og öruggasta hátt þannig að hann nái tilgangi sínum sem best.

6. gr.

Gera skal ársreikning fyrir hvert almanaksár eða brot úr almanaksári sem stjórnin starfar. Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður af stjórninni eigi síðar en 3 mánuðum eftir lok almanaksársins.

Öll meðferð fjármuna Styrktarsjóðs Blindrabókasafns Íslands bókhald og reikningsskil skal háð endurskoðun óháðs löggilts endurskoðanda og háð yfrendurskoðun ríkisendurskoðunar eftir því sem ríkisendurskoðun kann að ákveða.

Endurskoðaðir reikningar Styrktarsjóðs Blindrabókasafns Íslands skulu sendir menntamálaráðuneytinu og ríkisendurskoðun eigi síðar en 4 mánuðum eftir lok viðkomandi almanaksárs.

Menntamálaráðuneytið, 25. maí 1989.

Svavar Gestsson.

Knútur Hallsson.